

Skýrsla æskulýðsnefndar Ljúfs til LH fyrir starfsárið 2005 til 2006

Í æskulýðsnefnd störfuðu á tímabilinu Anna Björg Níelsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir.

Knapamerki í febrúar

Knapamerkjanámskeið hófst í febrúar, bæði I og II stig. Af I stigi útskrifuðust 7 nemendur og af II stigi útskrifuðust einnig 7 nemendur. Með því að bjóða uppá knapamerki teljum við að innan félagsins byggist upp öflugur hópur ungmenna í reiðmennsku. Kennari á knapamerki var Þorvaldur Árni Þorvaldsson og aðstoðarkenni Vilfríður Sæþórsdóttir.

Æskan og hesturinn 12 mars

Hópfærin á æskuna og hestinn hefur fest sig í sessi og líkt og undanfarin ár fór hópur þangað þann 12. mars og var mikil ánægja með sýninguna.

Sameiginlegur reiðtúr Ljúfs, Háfeta og Sleipnis 26. maí

Á Uppstigningardag, í fyrra, tókum við í Ljúfi á móti Háfeta og Sleipni og fórum í sameiginlegan reiðtúr, í ár var það Háfeti sem tók á móti okkur og Sleipni. Farið var í reiðtúr um fjörur og sanda og var það mjög skemmtilegt þar sem okkar daglegu reiðtúrar liggja um reiðgötur. Háfetamenn buðu svo uppá kaffi, kökur og djús eftir reiðtúrinn í félagsheimili sínu. Þetta var góður dagur og hlökkum við til að fara til Sleipnismanna á næsta Uppstigningardag.

Almenn reiðnámskeið í júní og júlí

Samningur var gerður við Hveragerðisbæ þess efnis að æskulýðsnefndin sæi um rekstur reiðnámskeiða í Hveragerði á sumrin. Alls tóku 38 börn þátt í námskeiðunum og komust færri að en vildu. Námskeiðin voru haldin hjá Eldhestum að Völlum og höfðum við aðgang að hestum og reiðtygjum fyrir þá sem það þurftu. Sigrún Sigurðardóttir var kennari á námskeiðunum.

Fánareid 17. júní

Á 17. júní eru það unglingarnir í Ljúfi sem sjá um fánareid í farabroddi skrudgöngunnar í Hveragerði. Eftir að hafa staðið heiðursvörð teyma þau undir börnum í skiplagðri dagskár hátíðarhaldanna.

Fjáröflun

Nefndin sér um að sækja styrki til Sveitafélagsins Ölfus og Hveragerðisbæjar til að niðurgreiða námskeið og aðra atburði.

Kveðja Anna Björg Níelsdóttir Sunnuhvoli Ölfusi